

Reikningur.

Ágrip af reikningi Þorkillii barnaskólasjóðs fyrir árið 1879.

Tekjur:

		Kr. A.
1. Eptirstöðvar við árslok 1878:		
a. Ríkisskuldabréf	29190 kr. " a.	
b. Skuldabréf einstakra manna	36451 — 37 -	
c. Ógoldnir vextir	138 — 2 -	
d. Í peningum	721 — 9 -	
		66500 39
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins		2575 79
3. Innborgun af lánum einstakra manna		5700 16
4. Ný skuldabréf, er sjóðurinn hefir eignast		5800 "
	Tekjur samtals	80576 34

Gjöld:

1. Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnesþingi		2500 "
2. Til jafnaðar móti 3. tekjulið		5700 16
3. Lánað út á árinu		5800 "
4. Eptirstöðvar við árslok 1879:		
a. Ríkisskuldabréf	29190 kr. " a.	
b. Skuldabréf einstakra manna	36551 — 21 -	
c. Ógoldnir vextir	20 — " -	
d. Í peningum	814 — 97 -	
		66576 18
	Gjöld samtals	80576 34

Reykjavík, 26. júní 1880.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

HEIÐURSMERKI

Hinn 25. dag maímánaðar þóknadist hans hátign konunginum að söma fyrverandi hafnsögu-mann Jón Bjarnason á Bldsey í Snæfellsnessýslu með heiðursmerki dannebrogsmanna.

EMBÆTTASKIPUN

Hinn 30. dag júnimánaðar þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa undirbókavörð við háskólabókasafnið í Edinburgh Jón A. Hjaltalín til frá 1. september þ. á. að telja að vera skólastjóra og fyrsta kennara við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum í Hörgárdal.

S. d. var cand. phil. Þorvaldur Thoroddsen allramildilegast skipaður annar kennari við sama skóla frá 1. október þ. á. að telja.

S. d. var settur sýslumaður cand. juris Einar Thorlacius allramildilegast skipaður sýslumaður í Norðurmúlasýslu frá 1. ágúst þ. á. að telja.

S. d. var yfirjettarmálaflutningsmaður A. L. E. Fischer allramildilegast skipaður sýslumaður í Skaptafellssýslu frá 1. ágúst þ. á. að telja.

Hinn 5. dag júlímánaðar skipaði landshöfðingi prestinn síra Pál Ólafsson til að vera prest Prestsbakka og Óspakseyrarsafnaða í Stranda prófastsdæmi.

1) Styrk þessum var þannig úthlutað:		
1. Til Reykjavíkur kaupstaðar	520 kr.	
2. — Seltjarnarneshrepps	160 —	
3. — Mosfellshrepps	120 —	
4. — Kjalarneshrepps	160 —	
5. — Kjósarhrepps	160 —	
6. — Álptaneshepps (Garða- og Bessa- staðahr.)		440 —
7. Til Vatsleysustrandarhrepps		420 —
8. — Rosmhalaneshrepps		320 —
9. — Hafnahrepps		80 —
10. — Grindavíkurhrepps		120 —
		Til samans 2500 —